

**3212. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
26. maí 2017 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Adolfsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Pálmadóttir áheyrnarfulltrúi, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 1701009 - Fundargerðir 2017 - menningar- og safnanefnd**

41. fundargerð menningar- og safnanefndar frá 16. maí 2017.

*Fundargerðin lögð fram.*

**2. 1705082 - Teigur, Háteigi 1 - rekstrarleyfi**

Umsagnarbeiðni Sýslumannsins á Vesturlandi v. umsóknar Sigrúnar Traustadóttur á rekstrarleyfi vegna reksturs gististaðar í flokki II, minna gistiheimili, sem rekið er sem Teigur að Háteig 1 n.h. f.nr.210-2357, Akranesi. Fyrra leyfi umsækjanda vegna rekstrarins rann út 14. janúar s.l.

*Ingibjörg Valdimarsdóttir víkur af fundi undir þessum lið.*

*Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við umsóknina með fyrirvara um jákvæðar umsagnir byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra.*

**3. 1705112 - Lopapeysan, Írskir dagar 2017 - tækifærисleyfi og tímabundið áfengisleyfi 29. júní - 2. júlí**

Erindi Ísólfs Haraldssonar f.h. Vina hallarinnar um að fá afnot af Sementsskemmu við höfnina fyrir Lopapeysuball á Írskum dögum.

*Ingibjörg Pálmadóttir víkur af fundi undir þessum lið.*

*Bæjarráð samþykkir afnot Vina hallarinnar af mannvirkjum Akraneskaupstaðar við Sementsreitinn á Írskum dögum líkt og undanfarin ár og felur bæjarstjóra og sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs frekari úrvinnslu málsins og sérstaklega verði hugað að öryggisimálum.*

**4. 1702037 - Styrkir til viðhalds fasteigna - 2017**

Erindi skipulags- og umhverfisráðs um tillögu byggingarfulltrúa að úthlutun fasteignastyrkja á Akranesi.

*Bæjarráð samþykkir tillögu skipulags- umhverfissviðs um úthlutun fasteignastyrkja á Akranesi fyrir árið 2017.*

**5. 1704132 - Kostnaður vegna frágangs skjala stofnanna - Héraðsskjalasafn**

Óskað er eftir heimild til að bæta nýjum lið við gjaldskrá Héraðsskjalasafn Akraness.

*Bæjarráð samþykkir erindið en telur mikilvægt að forstöðumönnun verði kynnt breytingin.*

*JK  
SP*

**6. 1705131 - Umsókn um byggingarlóð - Baugalundur 6**

Umsókn Engilberts Runólfssonar um byggingarlóð við Baugalund 6.  
*Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnar til umsækjanda.*

**7. 1705041 - Vesturgata 49 - umsókn um byggingarlóð**

Umsókn Gísla Björns Rúnarssonar um byggingarlóð við Vesturgötu 49.  
*Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnar til umsækjanda.*

**8. 1703186 - Stillholt 21 - gatnagerðargjöld**

Beiðni frá Skagatorg ehf. um stuttan viðbótarfrest vegna frestunar framkvæmda á lóðinni við Stillholt 21.

*Bæjarráð samþykkir erindið en leggur áherslu á fyrirhuguð tímaáætlun standist með vísan til fyrirliggjandi samkomulags frá árinu 2009.*

**9. 1705104 - Listaverk á vegg Sementsverksmiðjunnar**

Afgreiðsla menningar- og safnanefndar um ósk listamanns að mála vegg Sementsverksmiðjunnar.

*Bæjarráð samþykkir erindið og felur forstöðumanni menningar- og safnamála úrvinnslu málsins. Enginn kostnaður fellur á Akraneskaupstað vegna málsins.*

**10. 1705149 - Landsleikur í körfubolta á Akranesi**

Erindi KKÍ um landsleik í körfubolta á Akranesi laugardaginn 29. júlí næstkomandi í íþróttahúsini við Vesturgötu.

*Bæjarráð samþykkir erindið og felur sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs frekari úrvinnslu málsins.*

*Kostnaði vegna framkvæmda sem ráðast þarf í vegna viðburðarins, samtals að fjárhæð kr. 1.440.000, verður ráðstafað af liðnum 20830-4995.*

**11. 1705129 - Gisting erlendra ferðamanna á bílastæðum og opnum svæðum - áskorun**

Áskorun til bæjaryfirvalda á Akranesi.

*Bæjarráð þakkar erindið og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.*

**12. 1704074 - Gullaldarlið ÍA - áskorun til bæjarstjórnar**

Erindi Gunnars Sigurðssonar um gullaldarlið ÍA.

*Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og felur forstöðumanni menningar- og safnamála frekari úrvinnslu málsins í samvinnu við KFÍA.*

**13. 1701156 - Skógræktarfélag Akraness - styrkir og land til skógræktar**

Erindi Skógræktarfélagsins á Akranesi.

*Bæjarráð þakkar erindið og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.*

**14. 1705178 - Heiðursborgarar - reglur**

Drög að reglum Akraneskaupstaðar um heiðursborgara.

Bæjarráð samþykkir reglur um val og útnefningu heiðursborgara  
Akraneskaupstaðar og vísar þeim til bæjarstjórnar til samþykktar.

**15. 1702004 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2017**

Viðauki nr. 1 við fjárhagsáætlun 2017.

Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 1 og vísar honum til samþykktar í bæjarstjórn.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:45.

Elspz Adalbjörn  
Ingiðbjörg Valdimarsdóttir  
Rakel Óskarsdóttir  
Vilborg P. Guðhjartsdóttir  
Fuglebjörg Þórunnadóttir  
Sævar Fær krýsinn  
Jónas Hlöðvason